



## 253. fundur

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar hélt fund fimmtudaginn 28. janúar 2010 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Ráðhúsinu.

**Mætt voru:** Gretar D. Pálsson, forseti bæjarstjórnar GDP  
Elísabet Lára Björgvinsdóttir, ELB  
Ólafur Guðmundsson, ÓG  
Erla Friðriksdóttir, bæjarstjóri, EF  
Lárus Ástmar Hannesson, LÁH  
Berglind Axelsdóttir, BA  
Helga Guðmundsdóttir varamaður, HG  
Þór Örn Jónsson, bæjarritari

Forseti bæjarstjórnar setti fund og stýrði.

### 1. Fundargerðir bæjarráðs.

#### 1.1. Fundargerð bæjarráðs nr. 457, dags. 21.1.2010.

##### **Liður 3 fundargerð skipulags- og byggingarnefndar, dags.19.1.2010 (124.fundur).**

Fundargerð framlögð.

**Liður 1** Silfurgata 27, endurnýjun á geymsluskúr.

María Inga Hannesdóttir kt. 300550-2319 sækir um að endurnýja þak og útveggjaklæðningu á geymsluskúr við Silfurgötu 27, sbr. teikn. frá Sveini Ívarssyni ehf, kt. 550296- 2339, dags. 21.12.2009.

Nefndin samþykkir erindið með fyrirvara um að skúr lækki um 10 cm , sbr. athugasemdarbréf frá Vilbergi Guðjónssyni Silfurgötu 29, mótt. dags. 12.01.2010.

**Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.**

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Liður 2** Silfurgata 3, aukin bílstæði á lóð og útlitsbreytingar á húsi.

Gunnar Einarsson sækir um leyfi f.h. Bjargeyjar ehf, kt. 691093-2719, að setja tvöfalda hurð á suðurgافل hússins og stækka glugga á norðurgafli þess og útbúa tvö bílastæði á lóðinni neðan við húsið, sbr. afstöðumynd og bréf dags. 18.01.2010.

Erindi samþykkt.

**Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.**



**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Liður 3** svæði undir endurnýtanlegan jarðveg.

Nefndin leggur til að verktakar fái aðstöðu til að geyma endurnýtanlegan jarðveg á plani við gömlu ruslahaugana, í samráði við bæjaryfirvöld.

**Tillaga nefndarinnar samþykkt.**

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Til máls tóku: LÁH,BA og GDP**

**Fundargerð samþykkt.**

**Liður 25** lánsamningur á milli Lánasjóðs sveitarfélaga og Stykkishólmsbæjar, ódags.

**Erindinu vísað til næsta bæjarstjórnarfundar.**

Lánsamningur á milli Lánasjóðs sveitarfélaga og Stykkishólmsbæjar.

Ákvörðun um að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga sem tryggt er með veði í tekjum sveitarfélagsins:

Bæjarstjórn samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 60.000.000 kr. með 5,2% vöxtum til 14 ára, í samræmi við samþykka skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 3. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Er lánið tekið til að fjármagna framkvæmdaáætlun Stykkishólmsbæjar 2010, sbr. 2. gr. laga um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 136/2004.

Jafnframt er Erlu Friðriksdóttur kt. 011268-5879, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Stykkishólmsbæjar að undirrita lánsamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.

**Til máls tóku: EF og GDP**

**Liður 26** Sýslumaður Snæfellinga dags 15.07.2009 varðandi ósk eftir heimild til afskriftar á ógreiddum útsvörum.

**Afskriftir samþykktar.**

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**



**Liður 27** Sýslumaður Snæfellinga dags 16.07.2009 varðandi ósk eftir heimild til afskriftar á ógreiddum útsvörum.

**Afskriftir samþykktar.**

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Liður 28** umsókn um framlag úr Framkvæmdasjóði aldraðra dags.11.01.2010.

**Umsókn staðfest.**

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Til máls tóku: EF,LÁH,BA og GDP**

**Liður 29** bréf umhverfisráðuneytis, dags. 21.12.2009 varðandi veiðiáttak á mink og rannsóknir.

**Samþykkt að greiða 213.232 kr. vegna veiðiáttaks á mink.**

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Til máls tóku: EF og LÁH**

**Liður 30** bréf klúbbsins Geysis, dags. 17.12.2009 varðandi kynningu á klúbbum Geysi og ósk um fjárstyrk.

**Bæjarráð sér sér ekki fært að verða við styrkbeiðni.**

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Liður 31** tölvupóstur Hvítasunnukirkjunnar í Stykkishólmi, dags. 21.12.2009 varðandi styrk vegna opinberra gjalda vegna ársins 2009.

**Samþykkt að veita Hvítasunnukirkjunni í Stykkishólmi styrk sem nemur fasteignaskatti á Skúlagötu 6 samkomusalur fyrir árið 2009.**

**Hvítasunnukirkjunni er bent á Orkuveitu Reykjavíkur varðandi niðurfellingu á vatnsgjaldi.**

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Liður 32** bréf félags- og tryggingamálaráðuneytis, dags. 15.12.2009 varðandi grunnfjárhæð vegna fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga.

**Bæjarráð samþykkir að grunnfjárhæð vegna fjárhagsaðstoðar til einstaklings verði allt að 125.540 kr.**

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Til máls tók: EF**

**Liður 33** bréf Umferðarstofu dags. 6.janúar 2010 varðandi ósk eftir tækifæri til að



kynna aðferðafræðina að baki nýrrar umferðaröryggisáætlunar.

**Samþykkt að bæjarstjóri ræði við Sigurð Helgason hjá Umferðarstofu.**

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Til máls tók: EF**

**Liður 34** ráðning forstöðumanns Dvalarheimilisins.

**Samþykkt að bæjarstjóri gangi til samninga við Kristínu Blöndal um stöðu forstöðumanns Dvalarheimilis Stykkishólms.**

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Til máls tóku: LÁH,GDP og EF**

**Liður 35** yfirlýsing um lok framkvæmda og afhendingu á sumarbústaðarsvæðinu Arnarborg í landi Stykkishólmsbæjar.

**Yfirlýsing staðfest.**

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Til máls tóku: LÁH,EF og GDP**

**Liður 36** drög að samningi við OG Arkitektastofuna um hönnun og ráðgjöf við skólabyggingu.

**Samþykkt að bæjarstjóri gangi til samninga við OG Arkitektastofuna.**

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Til máls tóku: allir.**

**Liður 37** húsaleigusamningur við Aftanskin um hluta að kálfinum að Skólastíg 11.

**Samningur framlagður og samþykktur.**

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Til máls tóku: LÁH,ÓG og GDP**

**Liður 40** styrkur til björgunarstarfs á Hahítí.

**Samþykkt að styrkja björgunarstarf á Hahítí um 100 kr. á íbúa í Stykkishólmi 110.000 kr. og fela Rauðakrossi Íslands ráðstöfun styrkisins.**

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Til máls tóku: LÁH og GDP**



## **Fundargerð samþykkt.**

### **2. Fundargerðir nefnda.**

#### **2.1. Fundargerð þjónustuhóps aldraðra, dags. 10.12.2009.**

Fundargerð framlögð og samþykkt.

#### **2.2. Fundargerð stjórnar Dvalarheililis, dags. 8.12.2009.**

Fundargerð framlögð og samþykkt.

#### **2.3. Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar, dags. 19.1.2010.**

Fundargerð framlögð og samþykkt fyrr á fundinum.

### **3. Fjármál.**

#### **3.1. Drög að þriggja ára áættlun Stykkishólmsbæjar fyrir árin 2011-2013-síðari umræða.**

Þriggja ára fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar fyrir árin 2011-2013 samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl. 17:48  
Þór Örn Jónsson